

Yiiii



FYRIR
big



Vertu á
STADNUM

Samantekt INOVA



SÍM
GEN

SAMANT
ALL



Summer

A. Inngangur og varnarorð

Samantekt þessi skal lesin sem inngangur að lýsingunni Nova Klúbburinn hf., áður Platínium Nova hf., (“Útgefandi”), sem samanstendur af samantekt, Útgefandalýsingu og Verðbréfalýsingu dagsettum 1. júní 2022 (“Lýsingin”). Ákvörðun fjárfesta um fjárfestingu í verðbréfunum ætti að byggja á grundvelli Lýsingarinnar í heild sinni. Fjárfestum er bent á að þeir gætu tapað allri eða hluta af fjárfestingu sinni í verðbréfunum. Ef borin er fram krafa fyrir dómstóla sem varðar upplýsingar í Lýsingunni gæti fjárfestir sem stefnir þurft að greiða kostnað á þýðingu á Lýsingunni áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur aðeins á þá aðila sem hafa sett fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, en eingöngu ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta Lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, þegar hún er lesin með öðrum hlutum Lýsingarinnar, lykilupplýsingar til að aðstoða fjárfesta við mat á því hvort fjárfesta skuli í hlutabréfum útgefnum af útgefanda.

Lögformlegt heiti	Nova Klúbburinn hf., kt. 620916-0560
Aðsetur	Lágmúli 9, 108 Reykjavík, Ísland
ISIN	IS0000031045
LEI	64886J4FR973Q12HGS61
Auðkenni	NOVA
Vefsíða	www.nova.is
Sími	+354 519 1919
Lögbært yfirvald sem staðfesti lýsinguna	Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, Ísland. Tölvupóstfang: lysingar@sedlabanki.is
Dagsetning lýsingar	1. júní 2022

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

Hver er útgefandi verðbréfanna??

Útgefandi verðbréfanna er Nova Klúbburinn hf. (áður Platínium Nova hf.), kt. 620916-0560, LEI 64886J4FR973Q12HGS61, með aðsetur að Lágmúla 9, 108 Reykjavík, Íslandi. Útgefandi er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Útgefandi er móðurfélag Nova hf. (“Nova”) sem starfar á fjarskiptamarkaði á Íslandi. Viðskiptavinir Nova eru fyrst og fremst einstaklingar og lítil- og meðalstór fyrirtæki. Nova starfar á þremur sviðum: farsímaþjónustu, internetþjónustu og sölu á varningi.

Framkvæmdastjórnir Útgefanda og Nova samstanda af eftirfarandi einstaklingum við dagsetningu Lýsingarinnar: Margrét Björk Tryggvadóttir, Forstjóri Útgefanda og Nova, Þórhallur Ingi Jóhannsson, Fjármálastjóri Nova, Benedikt Óskar Ragnarsson, Tækni­stjóri Nova, Magnús Árnason, Framkvæmdastjóri Stafrænnar Þróunar og Markaðsmála Nova og Þuríður Björg Guðnadóttir, Framkvæmdastjóri Sölu og Þjónustu Nova.

Alls eiga þeir hluthafar meira en 5% af hlutafé Útgefanda. Útgefanda er ekki kunnugt um að hann sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila annarra þeirra en fjallað er um í töflunni að neðan, eða að þeir áður nefndu aðilar séu undir yfirráðum annarra aðila en fjallað er um í kafla þessum. Útgefanda er jafnframt ekki kunnugt um að til staðar séu

samkomulög sem gætu leitt til breytinga á yfirráðum í félaginu. 10 stærstu hluthafar útgefanda þann 31. maí 2022 eru:

Hluthafi	Fjöldi hluta	%
Nova Acquisition Holding ehf.	1.929.523.571	50,55%
Stefnir - Innlend hlutabréf	303.098.826	7,94%
Stefnir - IS 5	247.989.948	6,50%
Atrium ehf.	173.781.761	4,55%
IS EQUUS hlutabréf	97.847.358	2,56%
Adira ehf.	97.847.358	2,56%
M&M Partners ehf.	80.465.302	2,11%
Nova Acquisition (Iceland) LLC	76.345.487	2,00%
GE Capital ehf.	68.493.151	1,79%
Landsbréf - Úrvalsbréf hs.	67.381.068	1,77%
Aðrir hluthafar	674.502.634	17,67%
Eigin hlutir	0	0,00%
Samtals	3.817.276.464	100%

Endurskoðandi Útgefanda fyrir tímabil fjárhagsupplýsinga í Lýsingunni, 2019, 2020 og 2021 var PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík, Íslandi. Vignir Rafn Gíslason, löggiltur endurskoðandi og meðlimur í félagi löggiltra endurskoðenda, annaðist endurskoðun reikninga Útgefanda.

Helstu fjárhagsupplýsingar um útgefanda

Rekstrarreikningur samstæðu

<i>m.kr.</i>	2019	2020	2021
Heildartekjur	10.301	11.306	12.982
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.658	2.764	3.919
Hagnaður eftir skatta	(59)	386	1.451

Efnahagsreikningur samstæðu

<i>m.kr.</i>	2019	2020	2021
Heildareignir	18.947	18.810	24.214
Eigið fé	8.663	9.067	5.048
Skuldir samtals	10.284	9.742	19.165

Sjóðstreymi

<i>m.kr.</i>	2019	2020	2021
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	177	195	2.179

Útgefandi staðfestir að engar mikilvægar breytingar hafi orðið á birgðum eða söluverðum frá 31. desember 2021. Þá hafa engar mikilvægar orðið á fjárhagsstöðu né fjárhagslegri afkomu Útgefanda frá 31. desember 2021 fram að birtingu Lýsingar. Í apríl 2022 lauk Útgefandi hlutafjárukningu, ágóði hvernig var nýttur til niðurgreiðslu á hluta vaxtaberandi skulda útgefanda, líkt og sjá má í pro forma fjárhagsupplýsingum hér að neðan.

Efnahagsreikningur samstæðu eftir hlutafjárukningu

<i>m.kr.</i>	Óleiðréttur efnahagsreikningur 31.03 2022	Hlutafjár- aukning - pro forma aðlögun	Kostnaður í tengslum við hlutafjár- aukningu – pro forma aðlögun	Lækkun skulda – pro forma aðlögun	Pro forma efnahagsreikningur eftir hlutafjár- aukningu
	Óendur- skoðað og ókannað	Óendur- skoðað og ókannað	Óendur- skoðað og ókannað	Óendur- skoðað og ókannað	Óendur- skoðað og ókannað
Fastafjármunir	19.104				19.104
Handbært fé	892	3.500	(105)	(3.400)	887
Óefnislegar eignir	1.876				1.876
Heildareignir	21.872	3.500	(105)	(3.400)	21.867
Eigið fé	5.227	3.500	(105)	0	8.622
Langtímaskuldir	5.685			(3.277)	2.408
Leiguskuldbindingar	5.285				5.285
Aðrar skuldir	2.521				2.521
Langtímaskuldir	13.491	0	0	(3.277)	10.214
Afborganir langtímaskulda	226			(95)	131
Afborganir leiguskuldbindinga	176				176
Aðrar skammtímaskuldir	2.751			(28)	2.723
Skammtímaskuldir	3.153	0	0	(123)	3.030
Skuldir	16.644	0	0	(3.400)	13.244
Eigið fé og skuldir	21.872	3.500	(105)	(3.400)	21.867

Helstu óhættuþættir sem eru sértækir fyrir útgefandann

Rekstraráhætta

- Almennir þjóðhagfræðilegir þættir, svo sem hagvöxtur, verðbólga, atvinnustig, vextir, truflanir á aðfangakeðjum, efnisframboð og gengi krónu gagnvart öðrum gjaldmiðlum geta haft áhrif á starfsemi útgefanda. Gangur í efnahagslífinu hefur áhrif á bæði framboð og eftirspurn. Atvinnustig getur haft áhrif á launakostnað Útgefandans og Nova. Verðbólga og verðbólguvæntingar hafa áhrif á vexti og þar af leiðandi fjármögnunarkostnað.
- Útgefandi þarf að leggja í fjárfestingarútgjöld og aðrar fjárfestingar í búnaði og tengdum launakostnaði. Framfarir í upplýsingatækni og fjarskiptum, m.a. þróun hraðari netkerfa og nýjar vörur sem tengjast farsímaneti, og/eða aukinn vöxtur í netnotkun og væntingar um hraðari nethraða, gætu neytt útgefanda til að fjárfesta í netkerfum sínum af meiri krafti en útgefandi gerir ráð fyrir, með auknum tilkostnaði.
- Útgefandi starfar á markaði þar sem veruleg samkeppni er til staðar, m.a. í vöruframboði Útgefanda í nettengingum og farsímaþjónustu. Samkeppni í vörusölu og á

heildsölumarkaði fer almennt fram á grundvelli verða, innihalds, auknum kostnaði við öflun viðskiptavina og viðhaldi viðskiptasambanda, áskriftarmöguleika eða gæðum þjónustu. Aukin samkeppni gæti stafað frá núverandi samkeppnisaðilum félagsins og/eða nýjum samkeppnisaðilum sem bjóða hagstæðari og/eða nýja valkosti í þjónustu.

- Útgefandi tekur þátt í stefnumótandi samstarfi með birgjum hvað varðar innviði og velgengni Útgefanda veltur að stórum hluta á áframhaldandi og óslitnu þjónustustigi netkerfa, upplýsingatæknikerfa, vélbúnaðarlausna og gagnavera. Samstarf Útgefanda við birgja getur leitt til mögulegrar pólitískrar eða orðsporðslegrar áhættu byggt á vali Útgefanda á samstarfsaðilum, landfræðilegri staðsetningu þeirra eða gæðum vöruúrvals og þjónustu.
- Útgefandi treystir á mikilvægt og stefnumótandi samstarf við birgja Útgefanda í vélbúnaði, hugbúnaði, og tengdri þjónustu sem nýtt er til að starfrækja vélbúnað og innviði. Útgefandi hefur í einhverjum tilvikum lagt í talsverða fjárfestingu í ákveðnum búnaði sem getur flækt fyrir hraða innleiðingar búnaðar frá ákveðnum birgjum og/eða viðhaldi við búnað annarra.
- Ef samstarfsverkefni með Sýn hf. um Sendafélagið lýkur af einhverri ástæðu, t.a.m. vegna mögulegra brota og/eða ágreinings um skilmála eða tengdri skerðingu á þjónustustigi eða fjárhagsörðugleika, myndi hagræði það sem skapast hefur af samstarfinu hverfa.

Lagaleg áhætta

- Útgefandi starfar á markaði með verulegri lagaumgjörð og starfsemi Útgefanda og afkoma hans gæti því tekið breytingum vegna breytinga á löggjöf og/eða reglum, meðal annars breytinga sem koma til vegna utanríkisskipana, eða vegna stefnubreytinga hins opinbera, m.a. hvað varðar ný lög um fjarskipti sem lögð hafa verið til.

Fjárhagsleg áhætta

- Geta Útgefanda til að afla sér fjármögnunar getur haft áhrif á greiðsluhæfi Útgefanda og haft neikvæð áhrif á getu hans til að mæta greiðslum vegna lánaskuldbindinga eða getu til að halda áfram núverandi starfsemi. Jafnvel þó Útgefandi geti aflað sér fjármögnunar er ekki tryggt að hún sé á hagstæðum kjörum fyrir Útgefanda og getur hún þar af leiðandi haft veruleg neikvæð áhrif á arðsemi Útgefanda. Skortur á fánlegri fjármögnun á hagstæðum kjörum getur einnig haft áhrif á getu Útgefanda til að nýta fjárfestingartækifæri sem eru til staðar.
- Í lánasamningi Útgefanda við Arion banka eru ýmsir fjárhagslegir skilmálar er varða starfsemi Útgefanda. Skilmálarnir varða m.a. kröfur um eiginfjárlutfall, vaxtaþekju og önnur atriði. Brot á fjárhagslegum skilmálum geta leitt til gjaldfellingar samkvæmt lánasamningum og komi til þess gæti Útgefandi þurft að endurgreiða lán samstundis eða beita öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum í samstarfi við lánveitanda.

Lykilupplýsingar um verðbréfin

Helstu eiginleikar verðbréfanna

Almennar upplýsingar	Hlutabréf í Nova Klúbbnum hf., kt. 620916-0560. Hlutabréfin eru í einum flokki og eru jöfn að öllu leyti, skv. samþykktum Útgefanda. Hlutabréfin eru gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru rafrænt skráð hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. í samræmi við lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga. Hlutabréf útgefanda eru rafrænt skráð með ISIN númer IS0000031045 og FISN PLATINUM NOVA/SH. Hlutabréf Útgefanda eru rafrænt skráð sem nafnbréf með nafni og kennitölu viðeigandi hluthafa eða tilnefnds aðila í samræmi við 42. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
Gjaldmiðill	Íslenskar krónur
Nafnverði hlutabréfanna	Hlutafé Útgefanda er 3.817.276.464 kr. að nafnverði, sem skiptist í jafnmarga hluti, hver að nafnverði 1 króna.
Réttindi	Hver hlutur í Útgefanda veitir eiganda þess eitt atkvæði á hluthafafundi, þar sem hverjum hluthafa er heimilt að greiða atkvæði í jöfnum hlutföllum við hlutafjáreign hans í Útgefanda. Engin sérréttindi fylgja hlutum í Útgefanda. Réttindi hluthafa eru í samræmi við samþykktir Útgefanda sem má aðeins breyta í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.
Rétthæð hlutabréfanna	Komi til slita eða skipta Útgefanda verður hluthöfum greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína það sem eftir stendur af eignum Útgefanda, eftir að allir aðrir kröfuhafar Útgefanda hafa fengið gildar kröfur sínar greiddar. Engin breytiréttindi fylgja hlutabréfunum.
Frjálst framsal verðbréfanna	Engar hömlur eru lagðar á framsal hluta í útgefanda annað en sem leiðir af lögum, m.a. lögum 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, eða tengdra reglna.
Arðgreiðslustefna	Ekki er til staðar arðgreiðslustefna hjá Útgefanda eða takmörkun á arðgreiðslum, annað en það sem leiðir af samþykktum.

Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Hlutabréf Útgefanda verða tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Í kjölfar staðfestingar Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á Lýsingunni mun stjórn Útgefanda óska eftir því að allir útgefni hlutir verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf., sem er skipulegur verðbréfamarkaður.

Eru verðbréfin með ábyrgð?

Verðbréfin eru ekki með ábyrgð.

Helstu áhættuþættir sem eru sértækir fyrir verðbréfin

- Hlutabréf eru almennt talin áhættumeiri en ýmsir aðrir fjármálagerningar, m.a. skuldabréf, þar sem ef til slita eða skipta kemur í hlutafélagi eru hluthafar aftastir í kröfuröð og fá aðeins greitt eftir að gildar kröfur annarra kröfuhafa hafa verið greiddar. Hlutabréfaverð getur jafnframt sveiflast meira en virði skuldabréfa og virði þeirra er háð stöðugum breytingum.
- Markaðsáhætta er skilgreind sem núverandi eða möguleg hættu tengd afkomu eða fjármögnun, vegna neikvæðra breytinga í verði eða flökti skráðra fjármálagerninga, m.a. vegna vaxtabreytinga, verðbólgu, verði hlutabréfa eða gengi gjaldmiðla. Vegna þessa eru hlutabréfin háð flökti á verðbréfamörkuðum og markaðsverð hlutabréfaútgefanda getur lækkað í tengslum við þróun eða atburði sem eru utan stjórnunar Útgefanda.
- Seljanleiki hlutabréfanna er háður breytingum á markaðstaðstöðum, markaðsviðhorfum, væntum eða raunverulegum rekstrarniðurstöðum Útgefanda, áhuga fjárfesta ásamt öðrum atriðum.

D. Lykilupplýsingar um almennt útboð og töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Samkvæmt hvaða skilyrðum og tímaáætlun get ég fjárfest í þessu verðbréfi?

Að lágmarki 1.416.773.033 hlutir í Útgefanda verða boðnir til sölu, eða sem samsvarar 37,1% af útgefnu hlutafé Útgefanda, með möguleika á stækkun um 20% af lágmarksstærð í allt að 1.700.127.639 hluti eða 44,5% af útgefnu hlutafé. Hlutirnir verða seldir í almennu útboði til almennra fjárfesta og fagfjárfesta í samræmi við Lýsingarreglugerðina. Útboðið er ekki sölutryggt. Fjárfestar geta valið um tvær áskriftarbækur sem eru ólíkar að verði, stærð og úthlutun.

Áskriftarbók A: 495.870.562 hlutir eru boðnir til sölu á föstu gengi sem nemur 5,11 kr. á hlut. Hámarksstærð áskrifta í Áskriftarbók A er 20.000.000 kr. að kaupvirði fyrir hvern fjárfesti. Lágmarksstærð áskrifta er 100.000 kr. að kaupvirði.

Áskriftarbók B: 920.902.471 hlutir eru boðnir til sölu á lágmarksgengi sem nemur 5,11 kr. á hlut, þar sem fjárfestir skilgreinir hámarksgengi sitt. Lágmarksstærð áskrifta í Áskriftarbók B er yfir 20.000.000 kr. að kaupvirði fyrir hvern fjárfesti, en engin hámarksstærð áskrifta er skilgreind önnur en heildarstærð útboðsins. Allir hlutir í Áskriftarbók B verða seldir á sama verði sem ákvarðast af hollensku tilboðsfyrirkomulagi.

Áskriftir í Áskriftarbók A má skerða hlutfallslega, þó þannig að leitast verður við að skerða ekki áskriftir starfsmanna Nova undir 5.000.000 kr., áskriftir viðskiptavina Nova undir 1.000.000 kr. og aðrar áskriftir undir 500.000 kr. Áskriftir í Áskriftarbók B má skerða hlutfallslega, takmarka við hámarksfjölda hluta og/eða lækka eða hafna á hvern þann veg sem Nova Acquisition Holding ehf., Atrium Holding ehf. og Nova Acquisition (Iceland) LLC ("Seljendur") hugnast. Úthlutun í Áskriftarbók B verður gerð á grundvelli verðs og tímasetninga áskrifta. Seljendur

áskilja sér rétt til að minnka áskriftir eða hafna þeim alfarið. Í því felst jafnframt að Seljendur þurfa ekki að gefa upp hvernig lækkun eða höfnun áskrifta hafi verið ákvörðuð og fjárfestum verður ekki gefið tækifæri til að mótmæla ákvörðuninni. Seljendur áskilja sér jafnframt rétt til að breyta hlutföllum úthlutunar í Áskriftarbók A og Áskriftarbók B. Komi til þess að útboðið verði stækkað að hluta til eða í heild áskilja Seljendur sér rétt til að ákvarða hlutfall úthlutunar auknu hlutanna í Áskriftarbók A eða Áskriftarbók B.

Gert er ráð fyrir að áskriftartímabilið hefjist kl. 10:00 GMT þann 3. júní 2022 og ljúki kl. 16:00 GMT þann 10. júní 2022. Seljendur áskilja sér rétt til að flýta, lengja eða fresta áskriftartímabilinu. Ekki verður tekið við áskriftum eftir lok áskriftartímabilsins. Komi til þess að áskriftartímabil verði lengt eða því frestað verður viðauki við Verðbréfalýsingu Útgefanda birtur eftir því sem við á. Gert er ráð fyrir að niðurstöður útboðsins verði birtar á www.nova.is/investors þann 13. júní 2022.

Útboðinu er aðeins beint að fjárfestum á Íslandi. Lögaðilar með íslenska kennitölu geta tekið þátt í útboðinu ásamt einstaklingum sem náð hafa lögaldri eins og hann er skilgreindur í Lögræðislögum nr. 71/1997 sem hafa íslenska kennitölu, þó með fyrirvara um takmarkanir sem geta leitt af lögum og reglum. Takmarkanir þessar geta m.a. átt við um gjaldþrota aðila sem standa í gjaldþrotaskiptum í áskriftartímabilinu, en slíkir aðilar mega ekki taka þátt í útboðinu. Aðilar sem eru ekki fjárráða mega ekki taka þátt í útboðinu.

Áskriftir skal skrá rafrænt á þartilgerðum tilboðsvef á vefsíðu Arion banka: www.arionbanki.is/nova-ipo. Ekki verður tekið við áskriftum á öðru formi. Áskriftarvefurinn verður bæði á Íslensku og Ensku.

Hvers vegna er þessi lýsing gerð?

Lýsing þessi er gerð í tengslum við almennt útboð á hlutum í Útgefanda og töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Útgefandi og Seljendur bera allan kostnað af almenna útboðinu og töku hlutanna til viðskipta. Sé miðað við að grunnstærð útboðsins sé seld á lágmarksgengi er nettó ágóði útboðsins um 7.000 m.kr.

Arion banki hefur umsjón með sölu hlutabréfanna í almenna Útboðinu og með töku þeirra til viðskipta á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og fær greidda þóknun fyrir vinnu sína. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér hugsanlega hagsmunarárekstra umsjónaraðila við Útgefanda.